

Kostnaður vegna nestismála í Trölllaheimum

Alls eru átta frístundaheimili rekin hjá Hafnarfjarðarbæ og síðustu ár höfum við keypt inn nesti frá fyrirtækinu Skólamat fyrir börnin. Fyrirkomulag er þannig að öll börn, sem eru um 650 að jafnaði á degi hverjum fá nesti og er nestisgjald innifalið í vistunargjöldum sem foreldrar greiða. Nestisgjaldið sem við greiðum Skólamat er í dag 220 kr. en vistunargjöld hafa ekki hækkað í samræmi við hækkanir á greiðslu til Skólamatar undanfarin ár. Því erum við að niðurgreiða nesti barnanna. Skólamatur sendir á hverjum degi nesti sem oft samanstendur af ávöxtum, brauði og áleggi. Starfsmenn frístundaheimila taka síðan við nestinu, koma því í kæli, smyrja brauð og skera niður ávexti og reiða það fram fyrir krakkana.

Ýmis mál hafa upp komið sem valda óánægju hjá okkar fólki. Skammtastærðir verið misjafnar, gæði ávaxta verið ábótavant, fjölbreytni lítil og tengsl við fyrirtækið ekki verið eins góð og eðlilegt væri. Sérstaklega hefur verið kvartað yfir stöðu barna með fæðuóþol og oft illa gengið að koma til móts við misjafnar þarfir þeirra. Stöðugt er unnið að bótum en samt virðist sem að sum vandamál séu nokkuð viðvarandi.

Í Reykjavík hafa umsjónarmenn frístundaheimila lengi séð sjálfir um innkaup milliliðalaust við framleiðendur og birgja. Þar hefur mælst mikil ánægja með nestismálin og verið talsverður sveigjanleiki við líði. Með þetta fyrir augum fékkst heimild til að prufa á einum stað hjá okkur, í frístundaheimilinu Trölllaheimum í Áslandsskóla, að verkefnastjóri sjái sjálfur um innkaup. Þannig erum við ekki að greiða fyrir stjórnunar-, flutningskostnað og hagnað fyrirtækis út í bæ.

Verkefnastjórinn samdi við ákveðna birgja varðandi innkaup og eru vörur sendar á staðinn á kostnað birgisins. Til eru ákveðnar heildsölur sem eru með marga vöruflokka því eru þetta um 5 birgjar sem senda vörur; Búr, Gæðabakstur, Ekran, Sláturfélag Suðurlands og Mjólkursamsalan. Afslættir eiga að nást vegna samninga okkar við þessi fyrirtæki utan MS.

Afslættir: Gæðabakstrur gefgur 10-15%



Sláturfélagið virðist ekki gefa afslátt og þarf að skoða það betur

Búr virðist ekki gefa afslátt og þarf að skoða það

Ekran gefur 12-20% afslátt

Vegna þess sem á vantar fer verkefnastjórinn eða aðstoðarmaður hans að jafnaði tvisvar til þrisvar í mánuði í Fjarðarkaup, en ekki er hægt að versla í Bónus. Þar eru keyptar jaðarmatvörur og megnið af því sem tengist börnum með fæðuóþol. Einnig er farið í Ikea eða sambærilegar búðir og keypt áhöld. Til voru viðunandi kælar og á þessum stað er nægt geymslurými.

Könnun á viðhorfum foreldra sem er að jafnaði gerð árlega leiðir í ljós meiri ánægju foreldra í Trölllaheimum með nestismálin og foreldrar telja börn sín í Trölllaheimum vera ánægðari.



Kostirnir virðast vera

Val barna og starfsmanna um nestið gerir alla, börn, foreldra og starfsmenn ánægðari með það sem er í boði. Auðvelt er að eiga varabirgðir og koma til móts við börn með fæðuþöpol. Hægt er að kaupa vörur sem eru hagstæðar og láta bæjarsjóð og staðinn njóta þess. Á þessu prufutímabili virðist vera sem svo að það sé ódýrara að versla sjálf inn.

Ókostirnir virðast vera:

Verkefnastjóri þarf sannarlega að eyða tíma í að panta og taka á móti sendingum, íhuga matseðla þannig að þeir uppfylli manneldismarkmið, séu framkvæmanlegir og séu spennandi fyrir krakkana. Tryggja þarf að nægt pláss sé til staðar í kælum og geymslum. Tími fer í að fara í Fjarðarkaup og til verður aksturskostnaður.

Kostnaður

Ef lykill 06-216-2120 er skoðaður þá er bókfærður kostnaður til 5. júní 1.596.952 kr. Í upphafi er talsverður kostnaður til að setja verkefnið í gang og reikna má að kostnaður síðustu daga júní sem eru ekki í þessum tölum, sé lægri að jafnaði en í upphafi. Hefði þjónustan áfram verið keypt af Skólamat hefði greiðslan verið amk. 1.793.440 kr. á þessu tímabili.

Samantekt

Af þessu sögðu má ætla að ef við verslum sjálf matinn inn skapist um 10% hagræðing í innkaupum, okkar val varðandi framboð eykst til muna og ánægja allra, starfsmanna, foreldra og barna virðist aukast. Hinsvegar eykst vinnan að einhverju leiti við að kaupa inn og ákveða matseðil.

Við höfum rætt við rekstrarfulltrúa voran og innkaupastjóra bæjarins og þeir eru á þeirri línu að við eigum að halda áfram og prufa á einum tveim stöðum til viðbótar að sjá um matinn sjálf frá og með haustinu og þannig skapist raunhæfur samanburður og reynsla sem við nýtum til að gera stöðugt betur.

Geir Bjarnason

Andri Ómarsson

Særós Rannveig Björnsdóttir